

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/441**  
**komudagur 28.11.2013**

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

28.11.2013  
2009/024 71

**Efni: Umsögn um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, 59. mál**

Í nóvember 2011 lagði iðnaðarráðherra fram á Alþingi skýrslu stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu fyrir Ísland. Í skýrslunni eru sett fram markmið um að einangrun íslenska raforkukerfisins verði rofin með lagningu sæstrengs ef og þegar það reynist þjóðhagslega hagkvæmt. Í framhaldinu skipaði ráðherra ráðgjafarhóp um lagningu sæstrengs til Evrópu sem skilaði tillögum sínum til ráðherra um áframhaldandi greiningu og skoðun einstakra þátta verkefnisins í skýrslu sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur nú lagt fram á Alþingi. Landsnet átti fulltrúa í ráðgjafarhópnum auk þess að taka þátt í starfinu á ýmsan hátt.

Lagning sæstrengs á milli Íslands og Evrópu er viðamikil verkefni sem hefði í för með sér talsverðar breytingar á raforkumálum Íslands. Verkefnið gæti skapað vinnsluaðilum ný tækifæri til sölu á raforku, auk þess sem mögulega mætti flytja raforku um strenginn til Íslands. Tenging íslenska raforkukerfisins við raforkukerfi annarra landa hefði því mikil áhrif á öll raforkuviðskipti á Íslandi. En lagning sæstrengs og raforkusala um hann gæti einnig haft umtalsverð áhrif á rekstur raforkuflutningskerfis Íslands og verkefni Landsnets sem flutningsfyrirtækis samkvæmt raforkulögum. Þannig gæti aukin raforkuvinnsla krafist styrkingar á flutningskerfi landsins auk þess sem tenging kallaði á samvinnu kerfisstjóra við stýringu samtengdra flutningskerfa.

Hvað varðar aðkomu Landsnets að skoðun á lagningu sæstrengs er bent á að hlutverk og skyldur flutningsfyrirtækisins hvað varðar tengingar við önnur lönd hafa ekki verið skilgreindar eða afmarkað í raforkulögum. Landsnet hefur hins vegar átt aðkomu að verkefnum sem tengjast skoðun á ýmsum þáttum tengdum mögulegri lagningu sæstrengs án þess að því hafi fylgt verulegar fjárskuldbindingar af félagsins hálfu. Þrátt fyrir að ekki sé skýrt kveðið á um heimildir Landsnets hvað þetta varðar telur félagið að því beri almennt skylda til að taka þátt í verkefnum af þessum toga. Á meðan ekki hefur verið skýrar kveðið á um skyldur flutningsfyrirtækisins í þessu efni er aðkoma Landsnets háð fjárhagslegum skilyrðum og því að verkefni fari ekki gegn vilja yfirvalda orkumála á Íslandi.

Eins og fram kemur í formála iðnaðarráðherra að skýrslu ráðgjafarhóps um sæstreng til Evrópu mun lagning sæstrengs hafa í för með sér víðtæk áhrif, en að mörgu leyti sé óljóst hver áhrifin verða og því þörf á áframhaldandi gagnaöflun áður en unnt er að taka upplýsta afstöðu til verkefnisins. Þá séu fjölmörg tæknileg atriði sem þarfnist nánari skoðunar. Hvað varðar aðkomu Landsnets í verkefninu er í tillögum ráðgjafarhópsins m.a. lagt til að Landsnet fái heimild til að hefja viðræður, í samstarfi við Landsvirkjun og eftir atvikum aðra raforkuframleiðendur, við viðeigandi rekstraraðila flutningskerfis í Bretlandi og eftir atvikum bresku orkustofnunina Ofgem, um tengingu flutningskerfanna, viðskiptalíkan og eignarhald sæstrengs. Telur Landsnet eðlilegt að íslensk stjórnvöld, t.d. iðnaðarráðuneyti, kæmu a.m.k.



að viðræðum við fulltrúa erlendra stjórnvalda. Þá leggur nefndin einnig til að Landsnet og Landsvirkjun kanni leiðir til fjármögnunar á undirbúningsrannsóknnum og hugi að hugsanlegu samstarfsfyrirkomulagi vegna sæstrengsins. Loks leggur nefndin til að m.a. skuli kannaðar fjármögnunarleiðir með það að markmiði að Landsnet eignist allt að helming hlutafjár strengfyrirtækisins að ákveðnum rekstrartíma liðnum án þess þó að hafa tekið verulega fjárhagslega áhættu á byggingartíma hans.

Landsnet tekur undir það að margt er enn óljóst hvað verkefnið varðar en telur rétt að það sé skoða áfram með hliðsjón af tillögum ráðgjafarhópsins. Landsnet er sem fyrr reiðubúið til áframhaldandi þátttöku í því starfi með sömu fyrirvörum og áður að óbreyttum lögum. Landsnet bendir hins vegar á að kostnaður við verkefnið getur vaxið hratt og ef félagið á að að vera í stöðu til að taka á sig stærri hluta þess kostnaðar, eða sækja um styrki vegna þess, þarf áður en langt um líður að skilgreina í lögum hlutverk félagsins hvað varðar tengingu raforkukerfisins við raforkukerfi annarra landa.

Virðingarfyllst,

Þórður Guðmundsson, forstjóri.